

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Stykkishólmi.

Óveruleg breyting á deiliskipulaginu „Stykkishólmur miðbær“.

Þann 25. janúar 2024 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Stykkishólms tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulaginu „Stykkishólmur miðbær“ vegna Aðalgötu 16 í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var grenndarkynnt og bærust athugasemdir frá lóðarhöfum tveggja aðliggjandi lóða. Skipulagsnefnd fjallaði um og tók afstöðu til athugasemdanna í samræmi við 2. mgr. 44. gr. laganna. Bæjarstjórn staðfesti afgreiðslu nefndarinnar og þar með deiliskipulagsbreytinguna.

Deiliskipulagsbreytingin felst í niðurfellingu á bílskúrsreit, stækkun og tilfærslu á byggingarreit hússins og aðlögun lóðarmarka samkvæmt því ásamt færslu á stíg aftan við húsíð.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Stykkishólmi, 30. janúar 2024.

Kristín Þorleifsdóttir, skipulags- og umhverfisfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 13. febrúar 2024